

kröfurnar hafa átt einna mestan þátt í aðskilnaði ríkis og kyrkju þar sem hann hefir fengist hingað til.

Í öllum löndum, sem hafa þingbundna stjórn, ræður vilji almennings (kjósenda) að meira eða minna leyti meðferð flestra mála, sem snerta þjóðarheildina. Fyr á tímum, þegar konungsvaldið var ótakmarkað, réði þjóðin í heild sinni engu; konungarnir og ráðunautar þeirra höfðu einir vald til að semja lög og sjá um að þeim væri hlýtt. Konungurinn gat alt af gert þá trú, sem hann aðhylltist sjálfur, að ríkistrú, að minsta kosti í orði kveðnu; og hvað eftir annað í sögunni má finna dæmi þess að konungsviljinn hefir ráðið miklu um það hvaða trúarbrögð þjóðirnar hafa haft. En þegar þjóðin sjálf, almenningur, fer að kjósa þá menn, sem hafa löggjafarvaldið með höndum, þá getur það vald stutt eina sérstaka trú að eins svo lengi sem allstór meiri hluti kjósenda, og þeirra sem kosnir eru, hafa sömu trú. Þar sem, þess vegna, að ríkistrú er fyrir, en stjórnarfyriřkomulagið þannig, að þjóðin sjálf ræður hverjir hafa löggjafarvaldið í höndum sínum, hljóta fyr eða síðar að koma fram kröfur um aðskilnað ríkis og kyrkju; svo framarlega sem þjóðin öll undantekningarlítið aðhyllist ekki ríkistrúna. Gallar ríkiskyrkju fyrirkomulagsins, gallar, sem eru svo stórir, að fjöldi manns í öllum löndum telja það óhafandi, hafa komið í ljós með upptekningu nýrra trúarskoðana og með auknu frelsi almennings til þátt-töku í löggjöf og stjórn. Ef ríkiskyrkju fyrirkomulagið hefir ekki ávalt haft galla, þá hefir það verið vegna þess, að allir, sem við það hafa átt að búa, hafa getað trúað því sama og hafa orðið að beygja sig undir vald eins manns, eða fárra manna.

Einn helzti gallinn á ríkiskyrkju fyrirkomulaginu er frelsiskerðingin. Og eðlilega hefir hann ekki komið í ljós fyr en þjóðirnar hafa farið að meta frelsi sem eitt af því eftirsóknarverðasta og krefjast þess. Trúfrelsi getur, eins og fram hefir verið tekið, aldrei orðið fullkomið, þar sem ein trú nýtur verndar ríkisins. Þó engum sé bannað að hafa aðra trú, þá samt sem áður er ekki enn þá fundin aðferð til að koma í veg fyrir, að sumir menn séu neyddir til að styðja þá trú fjármunalega, sem þeir ekki hafa af sannfæringu. Og það að ríkið tekur eina trú